

## Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs í St. Jó

Fundur 17. desember 2018 kl 13:30-15:00, haldinn á St. Jó, Suðurgötu 41

### Fulltrúar:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Bæjarfulltrúi  
Guðlaug Kristjánsdóttir, Bæjarfulltrúi  
Rósa Guðbjartsdóttir, Bæjarstjóri

### Starfsmenn:

Helga Stefánsdóttir, Forstöðumaður Skrifstofu Umhverfis- og skipulagsþjónustu  
Sigurður Sverrir Gunnarsson, Verkefnastjóri, Skrifstofa umhverfis- og skipulagsþjónustu  
Eva Michelsen, Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs St. Jó

### Aðrir:

Hlynur Árnason, verktaki hjá Fagás

### Vettvangsferð um St. Jó og stiklað á nokkrum atriðum varðandi framkvæmdir

- Afhentar voru nokkrar teikningar á prenti sem tengjast 2.hæð
  - Hæðin með breytingum á salernum o.fl.
  - Tillaga að Hjarta á 2.hæð
  - Tillaga að breytingu á handriði
  - Tillögur að innihurðum (frontur á vakt)
- Gengið um aðrar hæðir hússins, farið yfir almennt ástand hverrar hæðar fyrir sig og hvað þarf að taka ákvarðanir um sem fyrst:
  - **1.hæð** – Þetta er sú hæð sem minnst hefur verið óskað eftir og lítið í umræðunni. Kapellan er nokkuð stórt verkefni og lagt til að taka undir hluta af 1.hæð fyrir salerni o.þ.h. sem tilheyrir viðburðarsal. Spurning hvernig önnur rými nýttast eins og miðrými og eldhús. Almennit lítið á að þessi hæð sé á bið.
  - **2. hæð** – Almennit er ástand á sjúkrastofum gott. Almenningsalerni þarf þó að taka alveg í gegn, brjóta vegg og þess háttar. Nýr frontur á Hjartað á 2.hæð ásamt innréttingum, lausamunum og tilheyrandi. Klára þarf rafmagn og loftræstímál. Lagt til að þetta sé fyrsti áfangi. Minnsta fyrirhöfnin að koma þessari hæð í notkun.
  - **3.hæð** – Almennit ástand á sjúkrastofum er gott. Skurðstofur þurfa aðeins meiri vinnu en það fer eftir hvað kemur inn í þau rými. Dúkurinn á ganginum er ónýtur og þarf að flota gólfíð áður en hægt er að leggja nýjan dúk. Sama ástand með salerni, rafmagn osfrv. og er á 2.hæð. Það þarf að koma handriði og flóttaleiðum í lag áður en þessi hæð er tekin í notkun.
  - **4.hæð** – Almennit er ástand gott en þar þarf að klára rafmagn, gólfefni, salerni og hurðamál. Spursmál með loftræsti kerfi. Það þarf að koma handriði og flóttaleiðum í lag áður en þessi hæð er tekin í notkun.



- Stærstu mál sem þarf að taka ákvarðanir um sem fyrst eru:
  - Á að halda hurðunum og gera nauðsynlegar breytingar á þeim eða skipta þeim út fyrir sambærilegar hurðar?
  - Á að halda salernum á sjúkrastofum í núverandi mynd, lagfæra þau eða leggja þau af?
- Spurningar og umræður sem komu upp:
  - Þarf að hugsa fyrir neyðarhnappi fyrir þá sem eru með þesskonar þjónustu? Þetta kom a.m.k. ekki til umræðu á fundi með verðandi leigutökum 10.des síðastliðin.

### Verkefnin framundan

- Framkvæmdasvið og verktaki taka saman muninn á kostnaði við að halda hurðum með nauðsynlegum breytingum og að setja nýjar hurðar í.
- Framkvæmdasvið og verktaki taka saman kostnað við að setja gler í stað þess aðlaga handrið svo liggja fyrir hvað hvort verk um sig kostar.
- Framkvæmdahópur fer yfir fyrirbyggjandi gögn varðandi framkvæmdir, kostnað o.s.frv. og skoðar hvernig eigi að áfangaskipta framkvæmdum og hvað eigi að leggja mikið fjármagn til vegna 2018. Mikilvægt er að liggja fyrir sem fyrst hvort fjármagn verði lagt í verkefnið svo hægt sé að halda áfram og bjóða fyrstu leigutökum að koma inn 1.apríl 2019 eins og stefnt er að.
- Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs skoðar mögulega styrki í framkvæmdir við lagfæringar hússins í samvinnu við verkefnastjóra á framkvæmdasviði.

Fundaritari: Eva Michelsen

Fundi slitið kl 15:00